



SKOTÍÞRÓTTAFÉLAG HAFNARFJARÐAR

[www.sih.is](http://www.sih.is)

Heiðvangi 7 220 Hafnarfirði

S: 565-2887

netfang: [sih@sih.is](mailto:sih@sih.is)

SÍH

Heiðvangi 7  
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 21.08.15

Varðar: Minnispunktar vegna fundar um lóðarleigusamning varðandi æfinga- og keppnissvæði Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar að Iðavöllum.

Fyrir undirskrift samninga verður SÍH að fá tryggingu fyrir eftirfarandi:

- að núverandi yfirgangur og sóðaskapur á aðkomuleið að Iðavöllum ljúki nú þegar.
- að efni, útlit, staðsetning og frágangur mana á lóð Kvartmíluklúbbsins sem liggja að lóð Iðavalla verði skilgreint.
- að tímamörk á endanlegum frágangi sömu mana verði skilgreindur.
- að Hafnarfjarðarbær ábyrgist að frágangi á mönum verði lokið á tilsettum tíma.
- að lokið verði við frágang á endanlegu vegstæði og malbik verði lagt á veg frá Álfhelli að Iðavöllum á kostnað Hafnarfjarðarbæjar þó svo ákveðið verði að vegurinn verði innan lóðar SÍH.
- að tímamörk vegna þeirra framkvæmda verði ákveðinn.

Virðingarfyllst

Ferdinand Hansen  
formaður SÍH  
s: 824-6127